



Samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir fráveitur sem falla undir kröfuna um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ.

Samræmd starfsleyfisskilyrði gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1.1 Starfsleyfishafi

Starfsleyfi skal gefið út á rekstraraðila.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum. Rekstraraðili ábyrgist að ákvæðum starfsleyfis og starfsleyfisskilyrða sé framfylgt og ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfisskilyrðum þessum. Starfsemi og frágangur fráveitumannvirkja skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Gildissvið

Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir fráveitur þar sem gerð er krafa um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa, sbr. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1998, um fráveitur og skólþ, sbr. breytingareglugerð nr. 450/2009. Reglugerð um fráveitur og skólþ gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi, sbr. III. viðauki reglugerðarinnar og um atvinnurekstur þar sem er framleitt er meira en 50 persónueiningar af skólpi í samræmi við ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Reglugerðin gildir um athafnir einstaklinga eftir því sem við á.

Um starfsemina gilda m.a. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Ákvæði þeirra gilda eftir því sem við á.

Fráveita er leiðslukerfi, þ.m.t. safnræsi og búnaður til meðhöndlunar og hreinsunar skólps.

Starfsleyfisveitandi getur sett ítarlegri skilyrði í starfsleyfi en þau sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum, ef aðstæður krefja. Jafnframt getur starfsleyfisveitandi dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfisskilyrðum þessum.

1.3 Markmið

Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að vernda vatn og umhverfi þess, á svæðum þar sem viðtaki er viðkvæmur, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri hreinsun skólps á svæðum þar sem viðtaki er viðkvæmur.



1.4 Umfang

Skilgreina skal umfang starfsemi í starfsleyfi, þ.á.m. fjölda persónueininga sem fráveitan hefur heimild til að taka við. Nota skal töluna sem gildir fyrir hönnunarforsendur, reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um stöðina þegar ekki eru óvenjulegar aðstæður, s.s. stórrigningar. Jafnframt skal hnitsetja þéttbýli, veitusvæði, hreinsivirki, útrás og viðtaka. (WGS84, decimalgráður).

Starfsleyfisskilyrði þessi fjalla ekki um móttöku seyru, úrgangs frá þurrsalernum, kvarnaðs úrgangs frá eldhúsum (sorpkvörnum) eða aðflutts skólps frá öðrum inn á fráveituna.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Áður en fráveita eða hreinsivirki er gangsett í fyrsta sinn skal tilkynna eftirlitsaðila um það.

Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun. Í því skyni skal starfsleyfishafi útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.

1.6 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Skulu umhverfismarkmiðin liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og skulu þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð sé haldið snyrtilegri. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki kröfur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð um fráveitur og skólp eða kröfum í öðru regluverki skal starfsleyfishafi grípa til viðeigandi aðgerða til að bæta úr.

Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.



3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Losunarmörk, þéttleiki og meðferð skólps og ofanvatns

Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um losunarmörk í reglugerð um fráveitur og skólp, sbr. 3. tl. 4. gr. starfsleyfisskilyrðanna. Safnræsi og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólp út.

Hreinsivirki fráveitu skal vera í samræmi við eðli og umfang skólpsins sem hreinsa á. Affallsvatn hitaveitu og ofanvatn skal ekki leiða í skólphreinsivirki heldur skal, t.d. beita blágrænum lausnum fyrir slíkt vatn. Sé ofanvatn mengað skal það hreinsað í samráði við eftirlitsaðila.

3.2 Úrgangur og tæming

Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum, af aðilum sem hafa til þess starfsleyfi, og flytja á móttökustöð sem hefur starfsleyfi til förgunar og/eða meðhöndlunar viðkomandi úrgangs eða til endurnýtingar í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.3 Loft

Tryggja skal að útblástursloft frá stöðinni valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna efna-, sótt- eða lyktarmengunar. Efna-, sótt- eða lyktarmengun skal heldur ekki verða við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni.

3.4 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 1 í 3. tölulið.

4. INNRA EFTIRLIT

4.1. Eftirlit og skráning

Eftirlitshafi skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið.

Starfsleyfishafi skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki fyrirtækisins, þ.m.t. reglubundnar tæmingar og viðhald.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila þegar leitað er eftir því:

- Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar.
- Vöktun í viðtaka.
- Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu
- Nafn flutningsaðila og móttökustaðar ásamt dagsetningu á afhendingu úrgangsins.
- Eftir atvikum förgunarstað seyru, vinnslustað eða landgræðslusvæði.



- f. Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyr. Skulu kvittanir frá móttökuaðila vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- g. Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, umfram það sem starfsleyfið heimilar.
- h. Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum varðandi hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- i. Atriði er varða rekstur hreinsibúnaðar og safnræsis fyrirtækisins, s.s. hreinsun og viðgerðir búnaðarins, rekstur og viðhald á ristum og fitugildru.

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Koma skal upp eftirlitskerfi með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkið starfar að öðru leyti ekki eins og til er ætlast.

4.2 Umhverfisvöktun

Starfsleyfishafi skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar þar sem við á, í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og starfsleyfishafi yfirfer og samþykkir eftir atvikum. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni.

Vöktun rekstraraðila skal taka mið af þeirri vöktun sem fram fer á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

4.3 Mælingar og losunarmörk

Sýnatökuaðstaða

Til staðar skal vera sýnatökuaðstaða sem gerir kleift að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkið, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndum skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hrærara.

Losunarmörk

Hreinsað skólþ sem losað er í viðtaka skal standast losunarmörk¹: sem gefin eru töflu 1 í viðauka I og í fylgiskjali 4 í reglugerð um fráveitur og skólþ. Losunarmörkin eru tekin saman í eftirfarandi töflu (hámarksstyrkur og/eða lágmarkshreinsun) ásamt markmiðum um hreinsun og styrk sem skulu gilda:

	Hámarks- styrkur, mg/l	Lágmarks- hreinsun, %	Hreinsunar- markmið, %	Fjöldi shr. blandsýna á ári		Fjöldi sýna sem þarf að uppfylla losunarmörkin***	
				>2.000 pe	50 – 1.999 pe**	>2.000 pe	50 – 1.999 pe**
BOD ₅	25	70	90	Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólþ	4	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólþ	Öll nema eitt sýni

¹ Annaðhvort losunarmörkin fyrir hámarksstyrk eða losunarmörkin fyrir lágmarkshreinsun eða hvor tveggja. Svifagnir eru valfrjálssar nema mælinga á þeim sé krafist í starfsleyfi.



COD	125	75		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Svifagnir	35*	90*		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Heildar-köfnunar efni	15	70	80	Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Meðaltalið þarf að uppfylla losunarmörkin
Heildarförför	2	80		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Meðaltalið þarf að uppfylla losunarmörkin

* Valfrjáls losunarmörk. Ákveðið í starfsleyfi.

** Starfsleyfisveitandi getur ákveðið aðra tíðni sýna eða annan fjölda sýna sem ekki þurfa að uppfylla losunarmörkin.

*** Flokkar losunarmarka: Hámarksstyrkur, mg/l og/eða lágmarkshreinsun, %. Starfsleyfisveitandi ákveður hvað eigi að gilda.

4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. D-hluta 1. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp. Sýnataka skal hefjast þegar rekstur er orðinn stöðugur, þó ekki síðar en hálfu ári eftir að hreinsivirkið er tekið í notkun. Ef valið er að miða við hámarksstyrk er í hverri sýnatöku nóg að taka eitt sýni af skólpi eftir hreinsun. Ef valið er að miða við lágmarkshreinsun skal hverju sinni taka sýni fyrir og eftir hreinsun. Taka sólarhringsblandsýna skal vera jafndreifð yfir hvert almanaksár. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings.

Fyrir BOD₅, COD og svifagnir skal ákveðin fjöldi sýna uppfylla losunarmörkin (sbr. töfluna hér að ofan) en fyrir heildarförför og heildarköfnunarefni skal ársmeðalstyrkur vera innan losunarmarka.

Þegar innra eftirlit tiltekins árs sýnir að hreinsivirki fyrir þéttbýli með 50 – 1.999 þe. uppfyllir kröfur um losun er heimilt að minnka fjölda bandsýna á ári úr 4 niður í 2 almanaksárið á eftir. Ef eitt þessara sýna stenst ekki settar kröfur skal taka 4 sýni næsta almanaksár á eftir, sbr. ákvæði hér að ofan.

4.5 Útrás og neyðaryfirfall

Útrás

Velja skal stað fyrir losun þar sem áhrif á viðtaka eru sem minnst. Útrás skal vera undir lægstu vatnsstöðu og þannig frá henni gengið að náttúruleg ásýnd viðkomandi svæðis skaðist ekki. Ekki skal staðsetja útrás eða neyðaryfirfall á verndarsvæði vatnsból, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn eða annarstaðar þar sem hætta er á að vatnsból spillist.

Neyðaryfirfall

Neyðaryfirfall er heimilt að nota þegar rafmagnsbilanir eða aðrar bilanir eða óviðráðanleg atvik verða sem stöðva skólphreinsunina. Þegar reglulegt viðhald fer fram

skal halda hreinsivirkinu í gangi sé það hægt. Notkun neyðaryfirfalla vegna rennslistoppa er óheimil.

Notkun neyðaryfirfalls skal tilkynnt eftirlitsaðila tafarlaust. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar.

4.6 Skýrslugjöf


Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.3 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

4.7 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykkir.

Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Reykjavík 29. júní 2018


Gunnlaug Einarsson, staðgengill forstjóra

Fylgiskjal: Leiðbeiningar um gerð starfsleyfis



Fylgiskjal: Leiðbeiningar um gerð starfsleyfis

Í starfsleyfi skulu eftirtalin atriði ávallt koma fram:

1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir xxx, kt. xxx. fyrir rekstur skólphreinsivirkis á lóðinni xxx. Xxx er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt. Starfsemi og frágangur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Starfsmenn sem annast rekstur hreinsivirkis stöðvarinnar skulu hafa hlotið þjálfun í að reka það og að annast innra eftirlit auk þess sem þeir skulu hafa nægilega þekkingu á þeim lögmálum sem hreinsitæknin byggir á. Rekstraraðila er heimilt að gera samning um rekstur og viðhald hreinsivirkisins við þjónustufyrirtæki sem hefur nægilega þekkingu á sviðinu að mati eftirlitsaðila.

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun í samræmi við gr. 4.7 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fráveitur sem falla undir kröfuna um ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa.

2. Umfang starfsemi

Heilbrigðisnefndir skulu tilgreina í starfsleyfi rekstraraðila og staðsetningu starfsemi, tegund hennar, stærð og skilyrði, auk ákvæða um viðmiðunarmörk, orkunýtingu, meðferð úrgangs, mengunarvarnir, tilkynningarskyldu vegna óhappa eða slysa, innra eftirlit, vöktun, eftirlitsmælingar og rannsóknir, svo og rekstur og viðhald mengunarvarnabúnaðar, eftir því sem við á hverju sinni. Ákvæði um mengunarvarnir skulu taka mið af BAT-niðurstöðum þegar þær liggja fyrir, sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Skilgreina skal umfang starfsemi í starfsleyfi, þ.á.m. þær persónueiningar sem fráveitan hefur heimild til að taka við. Nota skal töluna sem gildir fyrir hönnunarforsendur, reiknað út á grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um stöðina þegar ekki eru óvenjulegar aðstæður, s.s. stórrigningar.

Jafnframt skal hnitsetja veitusvæði, hreinsivirki, útrás og viðtaka.

3. Viðtaki

Tilgreina skal í starfsleyfi nafn viðtaka losunar og, þegar það á við, endanlegs viðtaka.

4. Eftirlit

Eftirlitsaðili er Heilbrigðiseftirlit x.

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi fráveitna í samræmi við ákvæði 1. mgr. 5 gr. reglugerðar 798/1999, um fráveitur og skólp og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst m.a. í reglubundinni yfirferð gagna sem rekstraraðila ber að skila, m.a. vegna innra eftirlits, viðbragðsáætlana og skráninga. Ennfremur felur eftirlit í sér vettvangseftirlit, s.s. sýnatökur og mælingar, t.d. vegna móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðila er einnig heimilt að láta fara fram eftirlit í samræmi við 1. tl. 27. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp. Viðbótareftirlit getur m.a. farið fram vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta



vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur eða vegna eftirfylgni á kröfum sem settar hafa verið fram.

Ef frávik verða skal eftirlitsaðili krefja rekstraraðila um hverjar þær viðeigandi viðbótarráðstafanir sem eftirlitsaðilinn telur nauðsynlegar til að koma reglufylgni á aftur, sbr. 55. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja fram úrbætur. Eftirlitsaðila er þannig m.a. heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta og veita áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna.

Sinni rekstraraðili ekki fyrirmælum um úrbætur innan tiltekins frests er eftirlitsaðila heimilt skv. 61. gr. laganna að ákveða rekstraraðila dagsektir eða vinna verk á kostnað rekstraraðila. Jafnframt er eftirlitsaðila heimilt sbr. 3. tl. 1. mgr. 60. gr. laganna, ef um alvarleg tilvik eða ítrekuð brot er að ræða, eða ef rekstraraðili virðir ekki fyrirmæli um úrbætur innan tiltekins frests, að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila, eða að afturkalla starfsleyfið. Telji starfsleyfisútgefandi að um alvarlega hættu sé að ræða og aðgerð þoli enga bið, er útgefanda heimilt að stöðva rekstur til bráðabirgða þegar í stað sbr. 63. gr. laganna.

6. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar er heimilt að gefa út nýtt starfsleyfi. Á grundvelli þeirra metur starfsleyfisútgefandi hvort nauðsynlegt er að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

7. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á starfseminni sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Ennfremur skal endurskoða starfsleyfið ef í ljós kemur að vatnshlot það sem er viðtaki losunarinnar nær ekki umhverfismarkmiðum skv. lögum um stjórn vatnamála og reglugerðar skv. þeim.

8. Tímafrestir

Heilbrigðisnefnd skal tiltaka tímafresti í starfsleyfi eins og við á:

Setja skal frest vegna eftirtaldratriða til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða skv. útfærslu starfsleyfis:

Frestur til að ljúka framkvæmdum
Söfnun skólps
Hreinsivirki



Útrás

Innra eftirlit og skráning

Koma á vöktun

Umhverfismarkmið

9. Gjaldskylda og gildistaka

Rekstraraðili greiðir starfsleyfisveitanda gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá xxxx. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

Starfsleyfið er veitt til xx ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, ákvæði reglugerðar nr. 550/2018 og öðlast gildi við útgáfu.

